



# **SKAÐABÓTAÁBYRGÐ STARFSMANNA**

Helga Sæmundsdóttir

2010

BA í lögfræði

Höfundur: Helga Sæmundsdóttir  
Kennitala: 250487 - 2829  
Leiðbeinandi: Guðmundur Sigurðsson prófessor  
Lagadeild  
School of Law

## Útdráttur

Efni þessarar ritgerðar er skaðabótaábyrgð starfsmanna. Leitast verður við að svara spurningunni um það hver réttarstaða starfsmanna er vegna tjóns sem þeir valda vinnuveitanda sínum eða þriðja manni í starfi sínu. Hugtakið starfsmaður, í skilningi hinna almennu reglna um ábyrgð starfsmanna í skaðabótalögum, tekur til þeirra sem vinna eitthvert verk að beiðni annars manns. Laun eða annað endurgjald er ekki skilyrði fyrir því að viðkomandi falli undir reglurnar. Það eru því mjög margir sem falla undir þessar reglur. Því er afar brýnt að ekki ríki óvissa um gildandi rétt á þessu sviði. Í þessari ritgerð er leitast við að skýra réttarstöðu þessara einstaklinga. Farin var sú leið að skýra réttarstöðuna út frá skrifum íslenskra, danskra og norskra fræðimanna sem og íslenskri og danskri dómaframkvæmd. Er það eðlilegt, þar sem hin almennu ákvæði í skaðabótalögum um ábyrgð starfsmanna eru þýdd beint upp úr dönsku skaðabótalögum.

Niðurstaða þessarar ritgerðar er sú að samkvæmt skaðabótalögum er meginreglan sú að starfsmaður beri ekki ábyrgð á tjóni sem hann veldur. Í lögum eru þó sérreglur um ábyrgð starfsmanna í hlutafélaga-, einkahlutafélagalögum og lögum um sameignarfélag sem leggja víðtækari ábyrgð á herðar starfsmanna en almennu reglurnar í skaðabótalögum. Þær sérreglur gilda þó aðeins um ákveðna starfsmenn. Falli starfsmaður ekki undir þessar tilteknu reglur, þá gilda um hann hinar almennu reglur skaðabótalaga um ábyrgð starfsmanna. Þær reglur er að finna í 3. mgr. 19. gr. og 23. gr. skaðabótalaga. Af þeim reglum má álykta að starfsmaður verði að öllum líkindum að hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning til þess að ábyrgð verði felld á hann.

Niðurstaða þessarar ritgerðar skýrir réttarstöðu þeirra fjölmörgu einstaklinga sem eru starfsmenn. Er það sérstaklega mikilvægt núna, þegar líklegt er að mörg skaðabótamál séu í býgerð í sambandi við efnahagshrunið í október 2008.

## **Abstract**

In this essay the liability of employees will be examined. Efforts will be made to answer the question of what is the legal status of employees for damages that they cause their employer or a third person in their work. The term employee as defined in the compensation law applies to those who perform a task at another's request. Wages or other remuneration is not required. These rules apply to a large number of people. This essay seeks to clarify the legal status of these individuals by examining the writings of Icelandic, Danish and Norwegian scholars and Icelandic and Danish judgments.

The conclusion of this essay is that according to the compensation law the principle is that an employee is not liable for damage he causes. For employees working in public limited companies, private limited companies and unlimited partnerships there are special rules applicable that lay broader responsibility on the employee than the general rules of the compensation law. However these special rules only apply to certain employees. If those special rules do not apply to an employee, then the general rules in the compensation law apply to him. These rules can be found in the 19th Article, paragraph 3 and Article 23 of the compensation law. Based on said rules it can be reasoned that the employee will likely have to have shown major negligence or intention, so that responsibility will be imposed on him.

The conclusion of this essay clarifies the legal status of the many individuals who are in fact employees. It is of enhanced importance in current times, when in all likelihood many claims for damages are under way, especially regarding the economic collapse in October 2008.

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
1. Skaðabótaábyrgð starfsmanna .....	2
1.1. Sakarreglan .....	2
1.2. Vinnuveitandaábyrgðarreglan .....	3
1.2.1. Hugtakið starfsmaður .....	4
1.2.2. Tjóni valdið í starfi eða í nánnum tengslum við starf. ....	5
1.2.3. Starfsmaður verður að vera undir boðvaldi vinnuveitanda .....	8
1.3. Lagaumhverfið á Norðurlöndum .....	10
1.4. Lagaumhverfið hér á landi .....	10
1.4.1. Starfsmaður veldur tjóni á vátryggðum hagsmunum.....	11
1.4.2. Endurkröfuréttur vinnuveitanda á hendur starfsmanni .....	15
1.4.3. Ábyrgð starfsmanns gagnvart tjónpola.....	18
1.4.4. Ábyrgð starfsmanns gagnvart vinnuveitanda .....	20
1.5. Lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.....	22
2. Sérreglur um ábyrgð starfsmanna.....	24
2.1. Hlutafélög.....	24
2.2. Einkahlutafélög .....	26
2.3. Sameignarfélag.....	26
3. Starfsmenn á íslenskum atvinnumarkaði .....	27
Niðurstöður .....	28
Heimildaskrá .....	30
Dómaskrá.....	31
Lagaskrá .....	32

## Inngangur

Eftir þær efnahagsþrengingar sem heimurinn, og um leið Ísland, hefur gengið í gegnum á síðustu misserum, hefur skaðabótaábyrgð starfsmanna verið nokkuð í umræðunni. Ríkisstjórn Íslands hefur meðal annars sett á fót nefnd sem ætlað er að athuga grundvöll þess að stefna einstaklingum í skaðabótamáli fyrir þátt þeirra í tjóni ríkisins vegna efnahagshrunsins. Fjölmiðlar hafa í sambandi við þetta velt ýmsum spurningum upp og þá helst hvort einstakir starfsmenn geti orðið persónulega ábyrgir fyrir tjóni sem rakið verður til starfa þeirra.

Þessi spurning varðar meðal annars alla launþega í landinu. Það er því afar brýnt að ekki ríki óvissa um gildandi rétt á þessu sviði.

Ritgerð þessari er ætlað að teikna upp það lagaumhverfi sem gildir um ábyrgð starfsmanna á því tjóni er þeir kunna að valda í starfi. Bæði verður fjallað um þær almennu reglur um ábyrgð starfsmanna sem er að finna í ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 og aðrar reglur um ábyrgð starfsmanna sem fyrir hendi eru í sérlöggjöf. Sem dæmi um slíka sérlöggjöf má nefna hlutafélag- og einkahlutafélagalög.<sup>1</sup> Þá var að finna ákvæði um ábyrgð starfsmanna í hinum svokölluðu neyðarlögum,<sup>2</sup> sem ástæða er til þess að fjalla um. Það ákvæði hefur nú verið fellt úr gildi.<sup>3</sup>

Hinar almennu reglur skaðabótalaga um skaðabótaábyrgð starfsmanna tengjast með beinum hætti reglu skaðabótaréttar um ábyrgð vinnuveitanda. Hugtakið starfsmaður verður því notað með sama hætti í þessari ritgerð og það er skilgreint í reglunni um vinnuveitandaábyrgð. Af þeim sökum verður fjallað stuttlega um regluna um vinnuveitandaábyrgð og hugtakið starfsmaður skilgreint sérstaklega, áður en komið verður að hinni eiginlegu umfjöllun um ábyrgð starfsmanna.

Hin almennu ákvæði skaðabótalaga um ábyrgð starfsmanna eru samin að danskri fyrirmynd. Þannig segir meðal annars eftirfarandi í greinargerð með frumvarpi að skaðabótalögum:

---

<sup>1</sup> Lög nr. 2/1995 um hlutafélög og lög nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

<sup>2</sup> Lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

<sup>3</sup> Lög nr. 44/2009 um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

Íslenskar réttarreglur eru reistar á norrænum grunni. Enginn vafi leikur á að heppilegustu fyrirmynda er að leita í norrænum rétti þegar semja þarf íslensk lög um skaðabótarétt utan samninga. Niðurstaða athugana á norrænu skaðabótalögum varð sú að hin nýjustu þeirra hentuðu best, bæði að efni og formi, til þess að ná þeim markmiðum sem hér er talið nauðsynlegt að stefna að. Fyrirmynd þessa frumvarps er því dönsku skaðabótalögin frá 1984 ... Við samningu athugasemda með frumvarpinu var mikið stuðst við greinargerð sem fylgdi frumvarpi til dönsku laganna.<sup>4</sup>

Vegna þessara tengsla við danskan rétt, verður í eftirfarandi umfjöllun að nokkru stuðst við skrif danskra fræðimanna og danska dómaframkvæmd. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að fáir dómur hafa gengið hér á landi þar sem reynt hefur á ákvæði skaðabótalaga um ábyrgð starfsmanna, auk þess sem lítið hefur verið skrifað um þau ákvæði. Það sem skrifað hefur verið um stöðu starfsmanna hefur að mestu leyti tekið mið af reglunni um vinnuveitandaábyrgð.

## 1. Skaðabótaábyrgð starfsmanna

### 1.1. Sakarreglan

Það er meginregla hér á landi, sem og víða annars staðar að menn verði ekki gerðir ábyrgir fyrir tjóni nema hafa sýnt af sér saknæma háttsemi. Þessi ólögfasta regla kallast almenna sakarreglan. Henni er nánar lýst þannig: „Maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni sem hann veldur með saknæmum og ólögmætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raskar hagsmunum, sem verndaðir eru með skaðabótareglum.“<sup>5</sup> Einnig er skilyrði að viðkomandi sé sakhæfur og sérstakar bótaleysisástæður séu ekki fyrir hendi.<sup>6</sup> Þessi almenna regla gildir um starfsmenn, líkt og um aðra menn, nema lög mæli á annan veg.

Þó að einstaklingur sýni af sér gáleysislega háttsemi, þá verður hann ekki gerður ábyrgur fyrir tjóni, ef það var ekki háttsemi hans sem olli tjóninu. Það er því almennt skilyrði skaðabótaábyrgðar að orsakatengsl séu á milli hegðunar tjónvalds og þess tjóns sem varð.<sup>7</sup>

Ekki er þó þar með sagt að hægt sé að gera einstakling ábyrgan fyrir öllu því tjóni sem mögulega hefur orsakast af gjörðum hans, heldur verður tjónið einnig að vera sennileg afleiðing hinnar saknæmu hegðunar. Þá er lítið

<sup>4</sup> *Alþingistíðindi*, A-deild, 1992 – 1993, bls. 3621 – 3622.

<sup>5</sup> Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur*. Reykjavík 2005, bls. 140.

<sup>6</sup> Sama heimild, bls. 140.

<sup>7</sup> Sama heimild, bls. 345 – 347.

til þess hvort afleiðingar hegðunarinnar séu fyrirsjáanlegar og hvort hegðunin sé almennt líkleg til þess að valda tjóni. Af þessu leiðir að viðkomandi verður ekki gerður ábyrgur fyrir tjóni sem er tilviljunarkennd afleiðing gjörða hans.<sup>8</sup> Sem dæmi má nefna að ef einstaklingur veldur því að annar einstaklingur fer á sjúkrahús og sjúkrahúsið brenni á meðan tjónþolinn er á sjúkrahúsinu með þeim afleiðingum að hann deyr, þá er dauði mannsins ekki sennileg afleiðing hegðunar tjónvaldsins.<sup>9</sup>

Þó að ljóst sé að tjónvaldur sé skaðabótaskyldur eftir almennu sakarreglunni, þá getur eigin sök tjónþola takmarkað bótaskyldu hans. Með eigin sök er átt við það að tjónþoli beri að einhverju eða jafnvel öllu leyti ábyrgð á því tjóni sem hann hefur sjálfur orðið fyrir. Þáttur hans er þá metinn á svipaðan hátt og gert er um þátt tjónvalds út frá sakarreglunni. Ábyrgð er svo yfirleitt skipt í þeim hlutföllum sem talið er að hvor um sig beri ábyrgð á. Oft er þó litið fram hjá sök tjónþola sé sök hans lítil miðað við sök tjónvalds. Sem dæmi um það má nefna H. 2003.2198 en þar var sök starfsmanns, sem varð fyrir tjóni í starfi sínu hjá Orkuveitu Reykjavíkur, talin það lítil, miðað við sök Orkuveitunnar, að hún var látin falla niður.

## **1.2. Vinnuveitandaábyrgðarreglan**

Vinnuveitandaábyrgðarreglan er ólögfest regla hér á landi. Hún kveður á um það að vinnuveitandi beri ábyrgð á því tjóni sem starfsmaður hans hefur valdið öðrum manni, hvort sem tjónþoli er starfsmaður vinnuveitandans eða ekki. Vinnuveitandinn verður því skaðabótaskyldur, án þess að hafa sýnt af sér saknæma háttsemi. Af þeim sökum telst reglan til víðtækra bótareglna.

Rökin fyrir vinnuveitandaábyrgðarreglunni eru meðal annars þau að utanaðkomandi maður eigi að geta litið á starfsmann og vinnuveitanda hans sem eina heild verði hann fyrir tjóni af völdum þeirra. Ekki eigi að skipta máli hvor þeirra valdi honum tjóninu. Einnig eru þau rök oft nefnd að vinnuveitandi ráði ferðinni í rekstrinum, reglan hvetji hann til þess að velja vandaða menn til vinnu og haga verki þannig að síður hljóti tjón af. Enn fremur má nefna það að vinnuveitandi hefur oft, frekar en starfsmaður, fjárhagslegan styrk til þess að greiða bætur fyrir tjón. Vinnuveitandi hefur einnig kost á því að kaupa

---

<sup>8</sup> Sama heimild, bls. 363 – 366.

<sup>9</sup> Arnljótur Björnsson, *Skaðabótaréttur kennslubók fyrir byrjendur*. Reykjavík 1988, bls. 88.

ábyrgðartryggingu eða dreifa kostnaði á viðskiptavini, sé ábyrgðartrygging ekki fyrir hendi.<sup>10</sup>

Skilyrði þess að vinnuveitandaábyrgðarreglan eigi við eru þrjú. Í fyrsta lagi verður að vera um að ræða sök starfsmanns vinnuveitandans. Í öðru lagi verður starfsmaður að hafa valdið tjóninu í starfi sínu, eða í nánum tengslum við starfið. Í þriðja lagi verður starfsmaður sá, sem tjóninu olli, að vera undir boðvaldi vinnuveitandans. Verður nú fjallað um þessi skilyrði þrjú.

### 1.2.1. Hugtakið starfsmaður

Hér kemur til skoðunar sakarreglan sem getið var um áður. Ekki þarf að sýna fram á sök ákveðins starfsmanns vinnuveitandans, heldur getur verið um að ræða sök ótilgreinds starfsmanns hans.<sup>11</sup>

Orðið starfsmaður hefur í skaðabótarétti verið túlkað heldur víðar en gerist og gengur til dæmis í vinnurétti og almennu málfari. Starfsmaður, í skilningi skaðabótaréttar, er maður sem vinnur eitthvert verk að beiðni annars manns. Ekki þarf að vera um ráðningarsamband að ræða, en þó er nauðsynlegt að verkið sé unnið að beiðni annars manns. Sem dæmi má nefna að sá sem moka óumbeðinn snjó af tröppum nágretta síns og veldur við það tjóni, verður ekki varinn af reglunni um vinnuveitandaábyrgð, þ.e. nágranninn ber ekki ábyrgð á tjóninu sem valdið er.<sup>12</sup>

Ekki þarf að vera um launað verk að ræða og því getur undir regluna fallið hvaða ólaunaða hugsjónastarf sem er, svo sem störf góðgerðarsamtaka, íþróttafélaga, björgunarsveita o.s.frv.<sup>13</sup> Maður sem biður annan að sendast fyrir sig í verslun, ber til að mynda vinnuveitandaábyrgð á því tjóni er sendillinn kann að valda í ferðinni. Sama verður sagt um foreldra sem fá ungling til þess að gæta barna fyrir sig. Þeir eru ábyrgir fyrir því tjóni er hann veldur. Foreldrar bera þó venjulega ekki ábyrgð samkvæmt vinnuveitandaábyrgðarreglunni á tjóni sem börn þeirra valda við það að hjálpa til heima hjá sér, þó að verkið sé

---

<sup>10</sup> Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur*, bls. 94.

<sup>11</sup> von Eyben, Bo og Isager, Helle. *Lærebog i erstatningsret*, 6. útgáfa. Kaupmannahöfn 2007, bls. 123.

<sup>12</sup> Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur*, bls. 261.

<sup>13</sup> Arnljótur Björnsson, „Tengsl vinnuveitanda og starfsmanns sem skilyrði vinnuveitandaábyrgðar“. *Úlfjótur* 1979 (2), bls. 54.



unnið samkvæmt beiðni þeirra. Skaðaverk barna, sem hjálpa foreldrum sínum við atvinnurekstur þeirra, falla samt sem áður undir regluna.<sup>14</sup>

Allir starfsmenn vinnuveitanda falla undir regluna, hvaða störfum sem þeir gegna og hvort sem þeir eru háttsettir eða lágtsettir. Eina undantekningin, sem gerð hefur verið frá þessu, er ef eigandi vinnuveitanda verður fyrir tjóni. Þá er eigandinn samsamaður vinnuveitanda sínum og reglan um ábyrgð vinnuveitanda gildir ekki, heldur almenna sakarreglan.<sup>15</sup> Ástæðan er sú að þá skortir skilyrðið um boðvald sem fjallað verður um hér á eftir. Til stuðnings þessu má nefna H. 1998.2346 en þar var tjónþoli verkstjóri við framkvæmd og einnig framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og einn eigenda vinnuveitanda síns sem var fyrirtæki. Lagði Hæstiréttur til grundvallar að tjónþoli hefði sjálfur ákveðið tilhögun verksins. Átti hann ekki rétt á bótum frá vinnuveitanda.<sup>16</sup>

Ekki skiptir heldur máli hvort starfsmaðurinn er laus- eða fastráðinn.<sup>17</sup> Þetta má meðal annars sjá af U 1958.628 Ø þar sem þrír menn voru fengnir til þess að fella nokkur tré á landi einu, gegn því að þeir fengu trén sjálf til eignar. Rétturinn taldi að mennirnir væru starfsmenn í skilningi vinnuveitandaábyrgðarreglunnar. Einnig má nefna FED 1995.676 Ø þar sem leigusali fékk viðgerðarmann til þess að laga hjá sér fasteign, gegn því að sá síðarnefndi fengi fjórar bílfelgur með notuðum hjólbörðum. Leigusalinn var gerður ábyrgur, samkvæmt reglunni um vinnuveitandaábyrgð, fyrir bruna sem var afleiðing af vinnu viðgerðarmannsins.

Leiki vafi á hvort um starfsmann sé að ræða, er talið að líta beri til þess hvort verkið hafi verið unnið í þágu þess sem skaðabótakrafan beinist gegn. Sé því svo háttað, þá eru allgóðar líkur á því að um starfsmann í skilningi vinnuveitandaábyrgðarreglunnar sé að ræða.<sup>18</sup>

### **1.2.2. Tjóni valdið í starfi eða í nánnum tengslum við starf.**

Í öðru lagi verður starfsmaður að hafa valdið tjóninu í starfi sínu eða í nánnum tengslum við starfið. Sé tjóni valdið utan skyldustarfa, ber vinnuveitandi ekki ábyrgð. Þetta getur verið erfitt að meta, en þó getur verið hjálplegt að athuga hvort tjóni sé valdið í vinnutíma eða ekki. Stundum sinna

<sup>14</sup> von Eyben, Bo og Isager, Helle. *Lærebog i erstatningsret*, 6. útgáfa, bls. 119.

<sup>15</sup> Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur*, bls. 256.

<sup>16</sup> H. 1998.2346, bls. 2348 – 2349.

<sup>17</sup> Vinding Kruse, A., *Erstatningsretten*, 5. útgáfa. Kaupmannahöfn 1989, bls. 95.

<sup>18</sup> Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur*, bls. 263.

starfsmenn einkaerindum um leið og þeir sinna erindum fyrir vinnuveitanda sinn. Ef um minni háttar frávik frá starfi hans er að ræða, þá verður talið að vinnuveitandi beri ábyrgð á því tjóni sem verður.<sup>19</sup> Sem dæmi má nefna U 1952.648 Ø, þar sem sendill olli A tjóni þegar hann skaust heim til sín í vinnunni. Talið var að vinnuveitandi sendilsins bæri ábyrgð á því tjóni sem A varð fyrir, þar sem um það lítil frávik frá skyldustörfum B væri að ræða.

Verknaðurinn sem veldur tjóninu þarf ekki að vera mikilvægur starfseminni en hann má heldur ekki vera þess eðlis að ekki verði gert ráð fyrir því að menn muni hegða sér með þeim hætti í starfi.<sup>20</sup> Hér má nefna H. 1962.74 þar sem starfsmaður slasaði annan starfsmann í áflogum. Hæstiréttur taldi atferli þeirra svo fjarri starfsskyldum þeirra að ekki yrði lögð ábyrgð á vinnuveitanda þeirra vegna tjónsins.

Sérstakt álitaefni í sambandi við þetta er hvort refsiverð háttsemi starfsmanns geti talist heyra undir regluna um vinnuveitandaábyrgð. Meginreglan hlýtur að vera sú að vinnuveitandi beri ekki ábyrgð á refsiverðri háttsemi starfsmanns síns. Þó geta verið undantekningar frá því. Sjá H. 1996.205 þar sem lögreglumaður hafði verið dæmdur fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.<sup>21</sup> Niðurstaða Hæstaréttar í skaðabótamáli þessu, sem höfðað var gegn ríkinu, var sú að ríkið bæri bótaábyrgð eftir reglunni um vinnuveitandaábyrgð á tjóni því sem lögreglumaðurinn olli, þar sem atferlið væri í nægilegum tengslum við starf hans. Segir Hæstiréttur meðal annars í dómnum:

Fullyrt er í áðurnefndum hæstaréttardómi, að aðfarir gagnáfrýjanda voru miklu harðneskjulegri en aðstæður gáfu tilefni til. Hins vegar er óumdeilt, að gagnáfrýjandi tók í umrætt sinn þátt í lögregluaðgerðum og var því að vinna starf sitt. Þó að hann hafi farið út fyrir starfsskyldur sínar með harkalegum og óvenjulegum hætti, þykir atferli hans vera í nægilegum tengslum við löggæslustarf til þess, að felld verði bótaskylda á stefnda eftir reglunni um vinnuveitandaábyrgð.<sup>22</sup>

Hér skiptir máli að líkamleg valdbeiting er hluti af störfum lögreglumanna og hafa flestir aðrir starfsmenn ekki þess háttar heimildir. Einnig hefur skipt máli í niðurstöðu Hæstaréttar að tjónþoli hefur mátt vænta þess að

<sup>19</sup> Sama heimild, bls. 284.

<sup>20</sup> Arnljótur Björnsson, *Skaðabótaréttur kennslubók fyrir byrjendur*, 2. útgáfa. Reykjavík 1999, bls. 95 – 96.

<sup>21</sup> Lög nr. nr. 19/1940. Almenn hegningarlög.

<sup>22</sup> H. 1996.205, bls. 206 – 207.

lögreglumaðurinn væri að starfa í þágu vinnuveitanda síns þegar hann olli tjóninu.

Sjá einnig H. 2000.2835 þar sem starfsmaður (I) í heimaþjónustu hjá Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar dró sé fé af bankareikningi skjólstæðings síns (S). Hæstiréttur virðist við ákvörðun sína framkvæma heildarmat á aðstæðum. Dæmdi hann Reykjavíkurborg ábyrga, þar sem tjónþoli hefði mátt ætla að aðstoð við bankaviðskipti félli innan verksviðs I og einnig var ljóst að deildarstjóra við heimaþjónustuna var kunnugt um það að I sinnti þessum störfum fyrir S, en lét við það sitja að áminna I. Í dómnum segir meðal annars:

Að öllu þessu virtu verður að telja stefnda hafa staðið þannig að verki að Sigríður hafi sér að vítalausu mátt ætla að aðstoð við bankaviðskiptin, sem hún fól Ingibjörgu, félli innan verksviðs þess, sem veitti henni heimaþjónustu í starfi hjá stefnda. Stóð því háttsemi Ingibjargar í þeim tengslum við starf hennar hjá stefnda að fella verður á hann skaðabótaskyldu vegna þess tjóns af hennar völdum, sem um ræðir í málinu.<sup>23</sup>

Hér aftur skiptir máli hvers tjónþoli mátti vænta um þá þjónustu sem veitt var hvort hún væri innan eða utan verksviðs starfsmannsins.

Ákveðin mörk verður þó að setja varðandi það hvað teljist vera í tengslum við starf í skilningi reglunnar. Má nefna U 1994.215 Ø, sem dæmi. A starfaði hjá S við blómaskreytingar. Eiginmaður S, M, starfaði einnig í versluninni en hann áreitti A kynferðislega. Hún tilkynnti veikindi í samráði við stéttarfélag sitt og sleit ráðningarsamningi sínum. A höfðaði síðan mál á hendur S og krafðist skaðabóta. Byggði hún kröfuna á því að S bæri vinnuveitandaábyrgð á því tjóni sem A hafði orðið fyrir vegna hegðunar M. Talið var að S hefði ekki vitað um háttsemina og þar með ekki getað stöðvað hana. Niðurstaða réttarins var sú að háttsemi M væri svo ófyrirséð og afbrigðileg að ekki væri grundvöllur til þess að beita reglunni um ábyrgð vinnuveitanda.

Í þessu samhengi má velta því upp hvort vinnuveitandi geti orðið ábyrgðarlaus þegar starfsmaður fremur refsiverðan verknað í starfi, sé verknaðurinn almennt tíðkaður innan fyrirtækisins og óbeint viðurkenndur af stjórnendum þess. Ef ljóst væri að stjórnendur fyrirtækisins viðurkenndu óbeint verknaðinn, þá verður að telja að reglan um vinnuveitandaábyrgð myndi gilda. Þetta má sjá af H. 2000.2835 sem reifaður var hér að ofan. Þessi

---

<sup>23</sup> H. 2000.2835, bls. 2839.

niðurstaða væri í samræmi við rökin fyrir vinnuveitandaábyrgðarreglunni um það að vinnuveitandi stjórnir því hvernig rekstrinum er háttað og geti hagað honum þannig að tjón hljótist ekki af.

Þann 23. apríl 2010 féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli nr. E – 3614/2009. Atvik málsins voru þau að Á, settur dómsmálaráðherra skipaði Þ sem héraðsdómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Héraðsdóm Austurlands. Við skipunina leit Á fram hjá álitni dómnefndar, sem fjallar um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, sem hafði talið Þ vera hæfan en þrjá aðra umsækjendur vera mjög vel hæfa. G, einn þeirra umsækjenda sem dómnefndin taldi vera mjög vel hæfa, gerði skaðabótakröfu á hendur Á og íslenska ríkinu vegna tjóns sem hann taldi sig hafa orðið fyrir vegna þess að hafa ekki verið skipaður. Einnig gerði hann miskabótakröfu samkvæmt b. lið 1. mgr. 26. gr. skbl. vegna ólögætrar meingerðar sem hann taldi vera gerða gegn sinni æru og persónu. Stefndi Á, taldi að með vísan til 2. mgr. 23. gr. skbl. yrði að fella bótakröfur stefnanda á hendur sér niður. Niðurstaða dómsins var sú að ósannað væri að G hefði orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna skipunarinnar. Hins vegar taldi dómurinn að dæma ætti G miskabætur. Af dómnum verður ekki annað ráðið en að dómurinn telji að Á hafi með háttsemi sinni farið út fyrir gildissvið reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda, þ.e. skilyrðið um að tjóni sé valdið í starfi eða í nánum tengslum við starf hafi ekki verið uppfyllt. Miðað við þá dóma sem nefndir hafa verið hér áður verður þessi niðurstaða dómsins að teljast nokkur þrenging á gildissviði vinnuveitandaábyrgðarreglunnar. Vissulega var hér um að ræða, að mati dómsins, saknæma háttsemi, en ekki verður að mati höfundar séð að stefndi Á hafi farið það út fyrir regluna um ábyrgð vinnuveitanda svo telja megji að Á hafi átt að bera persónulega ábyrgð. Eins og áður segir hefur í sumum tilfellum refsiverð háttsemi verið talin falla undir regluna.

### **1.2.3. Starfsmaður verður að vera undir boðvaldi vinnuveitanda**

Í þriðja lagi verður starfsmaður sá sem tjóninu veldur, að vera undir boðvaldi vinnuveitandans. Vinnuveitandi verður að hafa vald til þess að ráða vinnu starfsmanns, þar á meðal ráða hann, segja honum upp, hafa eftirlit með honum og leiðbeina.<sup>24</sup> Þó er það ekki algjört skilyrði að vinnuveitandi ráði

---

<sup>24</sup> Vinding Kruse, A., *Erstatningsretten*, 5. útgáfa, bls. 96.

framkvæmd vinnunnar algjörlega, svo sem þegar vinnuveitandi ræður til sín sérfræðimenntað fólk. Sem dæmi má nefna að læknir sem ráðinn er á sjúkrastofnun er undir húsbóndavaldi vinnuveitanda síns, þó að hann ráði því sjálfur hvernig hann framkvæmir einstök læknisverk.<sup>25</sup>

Sjálfstæðir verktakar lúta ekki boðvaldi verkkaupa og því ber verkkaupi ekki vinnuveitandaábyrgð á tjóni sem þeir valda. Oft koma upp álitamál um það hvort tiltekinn maður starfi eftir vinnusamningi eða verksamningi, þ.e. sé starfsmaður eða verktaki. Ákveðin atriði hafa verið talin geta sagt nokkurn veginn til um það hvora tegundina er um að ræða í sérhvert skipti. Þau eru: Hvort vinnuveitandi/verkkaupi hefur boðvald yfir viðkomandi, hvernig endurgjaldi fyrir vinnu er háttað, hvort rætt sé um kjarasamninga í samningi, hvort viðkomandi útvegi sjálfur verkfæri og vinnutæki, hvort samningurinn sé persónubundinn, hvort viðkomandi hefur aðra starfsmenn í vinnu hjá sér, hvort viðkomandi er aðili að stéttarfélagi eða fagfélagi, hvort viðkomandi þurfi að hafa löggildingu eða sérstök starfsréttindi, hvernig ákvörðun vinnutíma er háttað, hvort viðkomandi eigi rétt á orlofi, iðgjaldi í lífeyrissjóð og launum í forföllum, hvort samið sé um uppsagnarfrest og hvort lagður sé virðisaukaskattur á greiðslur.<sup>26</sup>

Sem dæmi um mál þar sem tekist var á um þess háttar tilvik var H. 1988.157. T taldi að vinnusamningi sínum hefði verið rift með ólögmætum hætti og krafðist bóta frá S sem jafngiltu launum í uppsagnarfresti og forfallalauna, en hann hafði verið óvinnufær um nokkurn tíma. Þau atriði sem mæltu með því að um verksamning væri að ræða voru að T fékk greitt fyrir vinnu sína samkvæmt reikningi og að T hafði lagt niður störf án þess að tilkynna S um veikindi sín. Þau atriði sem mæltu með því að um vinnusamning væri að ræða voru að gert var ráð fyrir persónulegu framlagi og að T fékk greitt samkvæmt unnum klukkustundum. Hæstiréttur taldi að ekki væri ljóst hvort um væri að ræða vinnusamning eða verksamning en taldi þó að um vinnusamning væri að ræða enda stæði það S nær að tryggja sér sönnun um annað.

---

<sup>25</sup> Arnljótur Björnsson, *Skaðabótaréttur kennslubók fyrir byrjendur*, 2. útgáfa, bls. 97 – 98.

<sup>26</sup> Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur*, bls. 264 – 268.

### **1.3. Lagaumhverfið á Norðurlöndum**

Í dönskum rétti er reglan um vinnuveitandaábyrgð ólögfest en byggir á reglu DL 3-19-2 í Dönskulögum. Dönsku skaðabótalögin, eða „Erstatningsansvarsloven“, þar sem meðal annars er fjallað um ábyrgð starfsmanna eru nr. 228 frá 23. maí 1984. Þau lög voru árangur samstarfs milli á Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Danmerkur sem hófst um miðja síðustu öld, þó að ekki hafi verið sett samhljóða lög í öllum löndunum.<sup>27</sup> Ákvæðin í íslensku skaðabótalögum um ábyrgð starfsmanna eru bein þýðing á þeim dönsku og hafa ákvæðin því verið túlkuð eins af íslenskum og dönskum fræðimönnum. Reglan um ábyrgð vinnuveitanda hefur einnig verið túlkuð með líkum hætti og gert er í dönskum rétti.<sup>28</sup>

Í norskum rétti er almenn regla um ábyrgð vinnuveitanda lögfest í 2-1. gr. norsku skaðabótalaganna, eða „Lov om skadeserstatning“, sem eru nr. 26 1969. Norskir fræðimenn hafa túlkað hugtakið starfsmaður í skilningi vinnuveitandaábyrgðarreglunnar nokkuð þrengra en danskir og íslenskir fræðimenn hafa gert. Samkvæmt norskum rétti verður þóknun að koma fyrir vinnu til þess að reglan geti átt við og sambandið á milli vinnuveitanda og starfsmanns nokkurn veginn að líkjast venjulegu ráðningarsambandi.<sup>29</sup>

### **1.4. Lagaumhverfið hér á landi**

Almennar reglur um skaðabótaábyrgð starfsmanna voru fyrst settar hér á landi með skaðabótalögum sem tóku gildi árið 1993. Samkvæmt eldri, ólögfestum rétti var meginreglan sú að starfsmaður þar persónulega ábyrgð gagnvart tjónþola á þeim skaðaverkum sem hann framdi í starfi hjá vinnuveitanda. Hins vegar var framkvæmdin oftast með þeim hætti að tjónþoli gerði skaðabótakröfu gegn vinnuveitanda hans fremur en tjónvaldinum sjálfum. Í þeim tilfellum sem tjónþoli beindi skaðabótakröfu sinni að starfsmanninum, var vinnuveitandinn oftast gjaldþrota. Nefna má sem dæmi H. 1985.1137, en þar var framkvæmdastjóri fyrirtækis, sem jafnframt var byggingameistari við byggingu húss, dæmdur persónulega skaðabótaskyldur vegna vanrækslu sem leiddi til tjóns hjá öðrum starfsmanni. Fyrirtækið sjálft var aftur á móti gjaldþrota.

<sup>27</sup> *Alþingistíðindi*, A-deild, 1992 – 1993, bls. 3621.

<sup>28</sup> Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur*, bls. 260.

<sup>29</sup> Lødrup, Peter. *Lærebok i erstatningsrett*, 4. útgáfa. Ósló 1999, bls. 174.

Fyrir setningu skaðabótaganna árið 1993 voru í gildi lækkunarreglur í ýmsum sérlögum sem giltu um afmarkaða hópa, eins og sjómannaögum,<sup>30</sup> siglingalögum,<sup>31</sup> lögum um lögreglumenn<sup>32</sup> og lögum um loftferðir.<sup>33</sup> Þetta voru allt undantekningareglur frá meginreglunni.

Samkvæmt núverandi skaðabótagögum er meginreglan hins vegar sú að vinnuveitandi ber endanlega ábyrgð á tjóni sem starfsmenn hans valda í starfi, hvort sem það er gegn þriðja manni eða honum sjálfum. Þannig þrengja skaðabótagög mjög rétt tjónþola til þess að beina skaðabótakröfu sinni að starfsmanni, frá því sem var fyrir setningu þeirra. Enda er reyndin sú að það er aðeins í fáum tilfellum sem starfsmaður þarf að greiða bætur vegna tjóns sem hann veldur í starfi. Langoftast er kröfunni beint að vinnuveitandanum.

Um ábyrgð starfsmanna er fjallað í 3. mgr. 19. gr. og 23. gr. skbl. Hugtakið starfsmaður í skilningi þessara reglna er túlkað jafn vítt og í reglunni um ábyrgð vinnuveitanda.<sup>34</sup> Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. skbl. má ekki víkja frá reglunum með samningi ef það er hinum skaðabótaskylda í óhag.

Það skal tekið skýrt fram að það sem fjallað verður um hér að neðan varðandi 3. mgr. 19. gr. og 23. gr. skbl. gildir aðeins ef reglan um ábyrgð vinnuveitanda gildir. Gildi hún ekki, er viðkomandi tjónvaldur ekki starfsmaður vinnuveitandans þegar hann veldur tjóninu og því ber vinnuveitandinn ekki ábyrgðina heldur er viðkomandi persónulega ábyrgur fyrir tjóninu.

#### **1.4.1. Starfsmaður veldur tjóni á váttryggðum hagsmunum**

Í 3. mgr. 19. gr. skbl. er kveðið á um að: „Hafi starfsmaður valdið tjóni sem munatrygging, rekstrarstöðvunartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til er starfsmaðurinn ekki skaðabótaskyldur nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis.“

Til þess að útskýra stuttlega tilgang þeirra trygginga sem ákvæðið nefnir, þá má segja að munatrygging sé trygging sem tryggir fasteignir og lausafé. Í munatryggingum er oft váttryggt gegn tiltekinni tjónsorsök, svo sem bruna eða þjófnaði.<sup>35</sup> Rekstrarstöðvunartryggingu er ætlað að greiða

<sup>30</sup> Lög nr. 35/1985. Sjómannaög.

<sup>31</sup> Lög nr. 34/1985. Siglingalög.

<sup>32</sup> Lög nr. 56/1972 um lögreglumenn. Ný lögreglulög tóku gildi með lögum nr. 90/1996.

<sup>33</sup> Lög nr. 34/1964 um loftferðir. Ný lög um loftferðir tóku gildi með lögum nr. 60/1998.

<sup>34</sup> *Alþingistíðindi*, A-deild, 1992 – 1993, bls. 3665.

<sup>35</sup> Samtök fjármálafyrirtækja „Flokkun váttrygginga. Munatryggingar“ Aðgengilegt á: [www.sff.is](http://www.sff.is)

vátryggðum það tjón sem reksturinn verður fyrir á meðan rekstrarstöðvun varir, vegna atburðar sem er bótaskyldur samkvæmt lausafjártryggingu, sem oft er bruna-, vatns, eða innbrotstjón.<sup>36</sup> Ábyrgðartryggingum er ætlað að veita vátryggðum vernd gegn skaðabótaskyldu sem hann kann að baka sér.<sup>37</sup> Bent skal á það að 3. mgr. 19. gr. skbl. á einungis við um ábyrgðartryggingu vinnuveitanda en ekki öðruvísi ábyrgðartryggingar.

Á 3. mgr. 19. gr. skbl. reynir alloft, þar sem þær tryggingar sem nefndar eru í ákvæðinu eru nokkuð algengar.

Mjög sjaldgæft er þó að tjóni sé valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi eins og reglan gerir kröfu um.<sup>38</sup> Því er það ekki algengt að starfsmaður sé gerður skaðabótaskyldur á grundvelli hennar. Raunar er það svo að þótt það sé talið að starfsmaður hafi valdið tjóni á vátryggðum hagsmunum með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, þá verður hann ekki sjálfkrafa talinn bera skaðabótaábyrgð, heldur reynir þá á það hvort skilyrði 23. gr. skbl. séu uppfyllt. Þar koma inn í matið sjónarmið um sanngirni, stöðu starfsmanns, atvik að öðru leyti og hagsmunir tjónþola. Hins vegar reynir ekki á 23. gr. skbl. sé tjóni á vátryggðum hagsmunum valdið af einföldu gáleysi, eins og oftast er, því að þá fellur ábyrgð starfsmanns niður. Fyrirvarinn um ábyrgð, ef tjóni er valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, er settur af varnaðarástæðum, þ.e. til þess að varna því að starfsmaður geti hagað sér af algjöru andvaraleysi og jafnvel valdið tjóni án þess að bera nokkra ábyrgð nokkurn tíma.<sup>39</sup>

Ekki skiptir máli hver það var sem keypti vátrygginguna er tekur til viðkomandi tjóns. Gildir því einu hvort það var tjónþoli sjálfur, tjónvaldur eða vinnuveitandi.<sup>40</sup>

Eins og áður segir, þá er það skilyrði þess að 3. mgr. 19. gr. geti átt við um starfsmann, að reglan um vinnuveitandaábyrgð eigi við um hann, þ.e. að skilyrði reglunnar um vinnuveitandaábyrgð séu uppfyllt. Sem dæmi má nefna U 1998.1413 V. Í því máli hafði lögmaðurinn A, sem starfaði sem

<sup>36</sup> Sjóvá-Almennar tryggingar hf., „Vátryggingaskilmálar, Rekstrarstöðvunartrygging A fyrir stór og meðalstór fyrirtæki“, 1. desember 2006. Aðgengilegt á: [www.sjova.is](http://www.sjova.is)

<sup>37</sup> *Alþingistíðindi*, A-deild, 2003 – 2004, bls. 1159.

<sup>38</sup> Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur*, bls. 300.

<sup>39</sup> *Alþingistíðindi*, A-deild, 1992 – 1993, bls. 3632.

<sup>40</sup> Møller, Jens og Wiisbye, Michael S. *Erstatningsansvarsloven*, 6. útgáfa. Danmörk 2002, bls. 440.



aðstoðarmaður í skiptarétti, gert mistök þegar honum sást yfir uppsafnað tap sem hjón gátu nýtt sér. Hjónin gerðu kröfu á hendur dómsmálaráðuneytinu vegna skiptaréttarins og var það dæmt til þess að greiða þeim 100.039 DKK í skaðabætur. Að því loknu gerði dómsmálaráðuneytið endurkröfu á lögmannsstofuna J þar sem A starfaði. J bar því við að hún bæri ekki ábyrgð, þar sem það leiddi af 3. mgr. 19. gr., sbr. 20. gr. skbl., að J yrði ekki krafín um skaðabætur þar sem A hefði starfað fyrir skiptaréttinn. Niðurstaða réttarins var sú að A hefði verið það sjálfstæður í störfum sínum að hann gæti ekki talist hafa verið starfsmaður réttarins. J var því dæmd til þess að endurgreiða dómsmálaráðuneytinu, en bæturnar voru þó lækkaðar vegna eigin sakar skiptaréttarins. Af þessum dómi má sjá að 3. mgr. 19. gr. skbl. á ekki við ef reglan um vinnuveitandaábyrgð á ekki við. Í málinu var dómsmálaráðuneytið ekki vinnuveitandi lögmannsins og því gat lögmannsstofan ekki borið 3. mgr. 19. gr. fyrir sig.

Í almennum skilmálum íslenskra tryggingafélaga fyrir atvinnurekstur eru starfsmenn vátryggingartaka vátryggðir með sama hætti og ábyrgðartryggður vinnuveitandi þeirra.<sup>41</sup> Fyrir setningu laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (hér eftir vsl.) glataði vátryggður starfsmaður rétti sínum á hendur ábyrgðartryggjanda, ef tjónsatvik var rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis hans. Eftir setningu þeirra glatar starfsmaður einungis rétti sínum valdi hann tjóni af ásetningi, sbr. 1. mgr. 27. gr. vsl., en hins vegar ekki ef hann veldur því af stórfelldu gáleysi, sbr. 2. mgr. 27. gr. vsl. Vátrygging vátryggðs starfsmanns greiðir því tjón sem hann hefur valdið af stórfelldu gáleysi.<sup>42</sup>

Samkvæmt 21. gr. skbl. gildir 3. mgr. 19. gr. ekki á ákveðnum sviðum, svo sem um skaðabótakröfur samkvæmt skaðabótareglum umferðarlaga. Rökin fyrir þessum undantekningum eru þau að þetta sé það hættuleg starfsemi að rétt sé að hún beri sjálf það tjón sem af henni hlýst, eða eftir atvikum þeir sem njóta þjónustu hennar, en ekki aðrir. Ísland er einnig bundið af alþjóðasamningum á sviði skaðabótaréttar og er þess vegna til komin

<sup>41</sup> *Alþingistíðindi*, A-deild, 1992 – 1993, bls. 3692.

<sup>42</sup> 17. og 22. gr. skbl. þrengja ekki meginregluna um að starfsmaður sé ekki ábyrgur fyrir tjóni sem hann veldur.

undantekningin í 5. tl. 21. gr. Að auki er talið að endurkröfuréttur á sviði farmtrygginga hafi raunhæfara gildi en á öðrum sviðum trygginga.<sup>43</sup>

Í 20. gr. skbl. er kveðið á um það að um þá aðila sem almennt kaupa ekki vátryggingu, svo sem ríkið og sum sveitarfélög, gildi 3. mgr. 19. gr. skbl. með sama hætti og vátrygging hefði verið keypt. Þessi grein er nauðsynleg til þess að jafna stöðu þeirra starfsmanna sem starfa fyrir ríki og sveitarfélög, annars vegar og þeirra sem starfa fyrir einkaaðila hins vegar, þar sem ríkið og sum sveitarfélög tryggja ekki eigur sínar.<sup>44</sup>

Hugtakið stórkostlegt gáleysi, eða stórfellt gáleysi, gegnir veigamiklu hlutverki þegar kemur að beitingu á nokkrum reglum skaðabótaréttar og þar á meðal 3. mgr. 19. gr. skbl. Fræðimenn hafa því leitast við að greina á milli einfalds gáleysis, stórkostlegs gáleysis og ásetnings. Á milli stórkostlegs gáleysis og einfalds gáleysis hefur aðeins verið talinn vera stigsmunur og eru skilin ekki skýr þar á milli. Talið hefur verið að munurinn á þessum tveimur stigum lúti aðallega að hinum hlutlæga þætti. Með því er átt við það að háttsemi tjónvalds víki frá þeirri háttsemi sem honum bar að viðhafa, til að mynda samkvæmt skráðum háttternisreglum, með grófari hætti heldur en þegar um einfalt gáleysi er að ræða. Hins vegar þarf ekki svo að vera að tjónvaldur hafi gert sér betur grein fyrir því að háttsemin hafi verið svo mikið frábrugðin þeirri sem honum bar að viðhafa, heldur en þegar um einfalt gáleysi er að ræða.<sup>45</sup> Þó getur stórkostlegt gáleysi einnig falist í því að tjónvaldur víkur frá þeirri háttsemi sem honum bar að viðhafa með enn meiri vanvirðingu heldur en þarf til um einfalt gáleysi.<sup>46</sup> Talið hefur verið að gáleysi þurfi að vera mjög mikið til þess að um stórkostlegt gáleysi sé að ræða<sup>47</sup> og að stórkostlegt gáleysi liggja nær hugtakinu ásetningur heldur en hugtakinu einfalt gáleysi. Nefna má að sé tjónvaldur ölvaður, þá aukast líkur á því að hann verði talinn hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Mat íslenskra dómstóla á því hvort um stórkostlegt gáleysi sé að ræða eða einfalt er atviksbundið og er erfitt að henda reiður á með nákvæmari hætti hvar mörkin liggja. Skoða

<sup>43</sup> *Alþingistíðindi*, A-deild, 1992 – 1993, bls. 3632.

<sup>44</sup> Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur*, bls. 302.

<sup>45</sup> Sama heimild, bls. 161.

<sup>46</sup> Viðar Már Matthíasson, „Stórkostlegt gáleysi í skaðabótarétti og vátryggingarétti“. *Afmælisrit Jónatan Þórmundsson sjötugur 19. desember 2007*. Reykjavík 2007, bls. 593 – 594.

<sup>47</sup> Arnliótur Björnsson, *Ökutæki og tjónbætur*. Reykjavík 2003, bls. 64.

verður atvik í hverju máli fyrir sig og athuga þau í ljósi aðstæðna, svo sem hvort tjónvaldur hafi haft tíma til þess að hugsa sig um áður en hann framkvæmdi.<sup>48</sup>

Valdi starfsmaður tjóni á vátryggðum hagsmunum af einföldu gáleysi fellur skaðabótaskylda hans niður skv. 3. mgr. 19. gr. skbl. Ef viðkomandi hefur hins vegar valdið tjóninu með stórfelldu gáleysi eða ásetningi, þá fellur skaðabótaskyldan ekki niður, heldur verður háttsemin og aðstæður metnar á grundvelli 23. gr. skbl. Háttsemi starfsmanns, sem veldur tjóni á óvátryggðum hagsmunum kemur einnig til skoðunar samkvæmt 23. gr. skbl.

#### **1.4.2. Endurkröfuréttur vinnuveitanda á hendur starfsmanni**

Í 1. mgr. 23. gr. skbl. er fjallað um stöðu sem oft kemur upp, þ.e. þegar vinnuveitandi hefur greitt tjónþola bætur vegna tjóns sem starfsmaður hefur valdið í starfi. Þessi grein, rétt eins og 2. og 3. mgr. 23. gr., á við um það þegar starfsmaður veldur tjóni á vátryggðum hagsmunum af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi og þegar starfsmaður veldur tjóni á óvátryggðum hagsmunum. Í greininni segir: „Bætur, sem vinnuveitandi hefur greitt vegna saknæmrar hegðunar starfsmanns, er aðeins unnt að krefja starfsmanninn um að því marki sem telja má sanngjarnt þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti.“

Samkvæmt greininni skal meðal annars líta til sakar starfsmannsins. Með því er átt við það hvort tjóni hafi verið valdið af einföldu gáleysi, stórkostlegu gáleysi eða ásetningi. Þá ályktun má draga af 3. mgr. 19. gr. skbl. að líklega yrði annað hvort að vera um stórkostlegt gáleysi eða ásetning að ræða til þess að ábyrgð yrði felld á starfsmann skv. 1. mgr. 23. gr. skbl. Fræðimenn hafa sagt að væri um einfalt gáleysi að ræða, þá yrði það aðeins í undantekningartilfellum sem skaðabótaskylda yrði lögð á starfsmann.<sup>49</sup> Þessi sérstöku undantekningartilvik verða að teljast nokkuð langsótt. Raunar er það svo að höfundur hefur hvergi séð á það minnst í fræðiritum að starfsmaður hafi verið dæmdur fyrir tjón sem hann veldur af einföldu gáleysi. Höfundi er heldur ekki kunnugt um atvik af því tagi. Ef litið er á 3. mgr. 19. gr. skbl., þá

<sup>48</sup> Guðmundur Sigurðsson, „Vinnuslys, slysatrygging sjómanna.“ *Tímarit Lögréttu* 2004 (1), bls. 27 – 28.

<sup>49</sup> Erstatningsansvarloven nr. 228 1984, neðanmálgrein 116, von Eyben, Bo og Isager, Helle. *Lærebog i erstatningsret*, 6. útgáfa, bls. 131 og Møller, Jens og Wiisbye, Michael S. *Erstatningsansvarsloven*, 6. útgáfa, bls. 475.

mælir hún fyrir um það að ábyrgð starfsmanns á tjóni sem hann veldur af einföldu gáleysi á vátryggðum hagsmunum falli niður, eins og áður segir. Það væri því komið upp ósamræmi á milli þeirra starfsmanna sem valda tjóni á hagsmunum sem eru vátryggðir annars vegar og starfsmanna sem valda tjóni á óvátryggðum hagsmunum hins vegar, yrði starfsmaður dæmdur ábyrgur fyrir tjóni sem hann ylli af einföldu gáleysi. Væri það einkennileg staða, sem hugsanlega gæti komið upp í tilvikum þar sem mikill aðstöðumunur er á tjónvaldi og tjónþola.

Aftur á móti verður að telja mun meiri líkur á því að ábyrgð verði lögð á starfsmann ef um refsiverða háttsemi er að ræða.<sup>50</sup> Til stuðnings því má nefna U 2006.356 V, U 2002.1306 V og FED 1996.1340 V sem reifaðir verða hér á eftir. Í öllum þeim dómum hafði starfsmaðurinn sýnt af sér refsiverða háttsemi og var svo sjálfur dæmdur til þess að greiða bætur til tjónþola, ýmist allar bæturnar eða hluta af þeim. Í U 2006.356 V, hafði lögreglumaðurinn P framkvæmt löglega handtöku með mun meira harðræði en aðstæður gáfu tilefni til. Hafði hann verið dæmdur fyrir það samkvæmt dönsku almennu hegningarlögunum. Lögreglustjórinn F sem var vinnuveitandi P greiddi tjónþola bætur fyrir það tjón sem hann varð fyrir við handtökuna, en gerði síðan endurkröfu á P. Rétturinn taldi að athæfið heyrði undir regluna um vinnuveitandaábyrgð, þar sem P hefði í umrætt sinn verið að sinna starfi sínu sem lögreglumaður, þó að hann hefði vissulega gengið lengra en ætlast hefði verið til. Rétturinn taldi hins vegar að P hefði valdið tjóninu af ásetningi og því þótti sanngjarnt að bæturnar greiddust af P, sbr. 23. gr. skbl. Bæturnar fengust heldur ekki lækkaðar með vísan til 24. gr. skbl.

Staða starfsmannsins skiptir einnig miklu máli við sanngirnismatið. Í því sambandi á að meta hvort staða starfsmannsins sé svo sérstök að hann eigi frekar að bera tjónið heldur en vinnuveitandinn og einnig hvort hann hafi þekkingu fram yfir vinnuveitanda sinn sem geri það að verkum að víkja beri frá meginreglunni.<sup>51</sup> Fræðimenn hafa talið að yfirmenn og þeir sem eru hátt launaðir, eigi frekar að bera ábyrgð en þeir sem eru lægra settir og lágt

---

<sup>50</sup> Guðmundur Sigurðsson, „Bótaábyrgð starfsmanns gagnvart vinnuveitanda sínum“, *Lögmannablaðið* 2004 (3), bls. 34.

<sup>51</sup> Sama heimild, bls. 35.

launaðir.<sup>52</sup> Hér má nefna sem dæmi U 1996.156 V, þar sem sjóðsstjóri (F) í húsnæðisfélagi gerði mistök þegar hann breytti ekki láni á réttum tíma. Félagið varð af greiðslu frá ríkinu sem hefði fengist ef ekki hefði verið fyrir þessi mistök F. Húsnæðisfélagið fékk tjónið bætt frá Samtökum húsnæðisfélaga, um 428.000 DKK. Samtökin höfðuðu aftur á móti mál á hendur F þar sem þau gerðu endurkröfu. F var dæmdur til þess að greiða Samtökunum um 100.000 DKK. Landsréttur taldi að F hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Í ljósi þess og þeirrar stöðu sem F sinnti innan félagsins taldi Landsréttur ekki grundvöll fyrir því að takmarka ábyrgð sjóðsstjórans skv. 1. mgr. 23. gr. skbl. Aftur á móti var ábyrgð hans takmörkuð á grundvelli almennu lækkunarreglunnar í 24. gr. skbl. Tegund starfseminnar skiptir einnig máli. Starfsmaður í áhættumiklu starfi er mun líklegri til þess að valda tjóni en sá sem vinnur í áhættulitlu. Til dæmis er skrifstofumaður mun ólíklegri til þess að valda líkams- og munatjóni en smiður sem vinnur á þaki húss. Það eru því meiri líkindi fyrir því að ábyrgð starfsmanns í áhættumiklu starfi verði takmörkuð.<sup>53</sup>

Einnig verður að líta til atvika að öðru leyti. Hér undir geta átt mörg matskennd sjónarmið sem greinin tiltekur ekki og ekki er heldur kveðið á um nein skyldubundin sjónarmið. Við þetta mat má líta til sömu atriða og nefnd eru í hinni almennu lækkunarheimild 24. gr. skbl.<sup>54</sup> Í 24. gr. skbl. segir:

Ef bótaskylda er hinum bótaskylda svo þungbær að ósanngjarnt má telja eða álíta verður að öðru leyti að skerðingu eða niðurfellingu sanngjarna vegna mjög óvenjulegra aðstæðna. Þegar metið er hvort ástæða sé til að beita heimildinni skal líta til þess hve mikið tjónið er, eðlis bótaábyrgðar, aðstæðna tjónvalds, hagsmuna tjónþola, váttrygginga aðila og annarra aðila.

Það ætti því að skoða stærð tjónsins í samhengi við fjárhagslega stöðu starfsmannsins. Það mælir til dæmis með lækkun ef tjónið er það mikið að líklegt sé að starfsmaðurinn muni eiga erfitt með að greiða bætur.<sup>55</sup> Sé vinnuveitandi með marga menn í vinnu, þá mælir það með lækkun, því að þá hefur hann mátt gera ráð fyrir því að fleiri tjón yrðu<sup>56</sup> og einnig getur vinnuveitandinn oft fellt bætur, sem greiddar eru, undir rekstrarkostnað. Það myndi því mæla á móti lækkun sé vinnuveitandi ef til vill einn eða með fáa

<sup>52</sup> von Eyben, Bo og Isager, Helle. *Lærebog i erstatningsret*, 6. útgáfa, bls. 131 og Møller, Jens og Wiisbye, Michael S. *Erstatningsansvarsloven*, 6. útgáfa, bls. 475.

<sup>53</sup> Møller, Jens og Wiisbye, Michael S. *Erstatningsansvarsloven*, 6. útgáfa, bls. 475.

<sup>54</sup> Erstatningsansvarloven nr. 228 1984, neðanmálgrein 116.

<sup>55</sup> Møller, Jens og Wiisbye, Michael S. *Erstatningsansvarsloven*, 6. útgáfa, bls. 476.

<sup>56</sup> von Eyben, Bo og Isager, Helle. *Lærebog i erstatningsret*, 6. útgáfa, bls. 131.

menn í vinnu. Taki trygging til tjónsins sem starfsmaðurinn olli, þá mælir það á móti lækkun (þetta sjónarmið á við þegar um stórkostlegt gáleysi eða ásetning er að ræða). Einnig mælir það á móti lækkun hafi vinnuveitandi átt kost á því að kaupa tryggingu sem tæki til viðkomandi tjóns.<sup>57</sup> Ljóst er enn fremur að ábyrgð þess starfsmanns, sem sinnir starfi sínu eins og það er lagt fyrir hann, yrði takmarkaðri en þess sem er að sinna einkaerindum þegar tjón verður.<sup>58</sup>

Það er sá sem krefur tjónvald um bætur, þ.e. vinnuveitandinn, sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að víkja eigi frá meginreglunni um það að vinnuveitandi beri endanlega bótaábyrgð.<sup>59</sup>

Almenna lækkunarreglan í 24. gr. skbl. gildir samhliða 23. gr. skbl. Munurinn á þessum tveimur reglum er sá að 23. gr. skbl. er meginregla eins og áður segir en 24. gr. skbl. er undantekningarregla. Ákvæði 24. gr. skbl. getur tekið við þar sem gildissvið 23. gr. skbl. tekur enda.<sup>60</sup> Þegar atriði 24. gr. eru metin í sambandi við 23. gr. skbl. er það mat þó heldur varfærnislegra, þ.e. meira þarf til að koma til þess að starfsmaður verði gerður skaðabótaskyldur eftir þeim atriðum, heldur en þegar þau eru metin skv. 24. gr. skbl.<sup>61</sup> Þetta samræmist einmitt því að 24. gr. skbl. er undantekningarregla en 23. gr. skbl. meginregla.

### 1.4.3. Ábyrgð starfsmanns gagnvart tjónþola

Í 2. mgr. 23. gr. skbl. er fjallað um þá aðstöðu þegar tjónþoli beinir skaðabótakröfu sinni að starfsmanni. Þessi aðstaða er ekki algeng og kemur helst aðeins upp sé vinnuveitandi orðinn ógjaldfær eða það sé mun erfiðara að stefna vinnuveitanda en starfsmanni. Í 1. ml. 2. mgr. 23. gr. skbl. segir: „Skaðabótaábyrgð starfsmanns gagnvart tjónþola má skerða eða fella niður ef það verður talið sanngjarnt þegar litið er til atvika sem getið er í 1. mgr. og hagsmuna tjónþola.“

Þegar metið er hvort skerða eigi eða fella niður ábyrgð starfsmanns, þá mælir greinin fyrir um það að líta eigi til sömu atriða og nefnd eru í 1. mgr. og vísast því til umfjöllunar um þá grein hér að framan.

<sup>57</sup> Møller, Jens og Wiisbye, Michael S. *Erstatningsansvarsloven*, 6. útgáfa, bls. 476.

<sup>58</sup> von Eyben, Bo og Isager, Helle. *Lærebog i erstatningsret*, 6. útgáfa, bls. 131.

<sup>59</sup> Møller, Jens og Wiisbye, Michael S. *Erstatningsansvarsloven*, 6. útgáfa, bls. 475.

<sup>60</sup> Gomard, Bernhard og Wad, Ditlev. Erstatning og godtgørelse efter erstatningsansvarsloven og voldsofferloven. Kaupmannahöfn 1986, bls. 142.

<sup>61</sup> Erstatningsansvarloven nr. 228 1984, neðanmálgrein 116.

Að auki skal líta til hagsmuna tjónþola. Hagsmunir tjónþola hljóta að vera þeir að fá greiddar skaðabætur vegna tjóns sem hann hefur orðið fyrir. Það geta því verið hagsmunir tjónþola að beina kröfu sinni að starfsmanni, sérstaklega sé vinnuveitandi ógjaldfær eða mun erfiðara sé að stefna honum en starfsmanninum svo sem dvelji vinnuveitandi erlendis. Eins og áður segir er meðal annars rétt að líta til fjárhagsstöðu starfsmannsins sem valdið hefur tjóninu. Hann getur til dæmis verið auðugur framkvæmdastjóri í gjaldþrota fyrirtæki og er þá sanngjarnara en ella að leggja ábyrgð á starfsmanninn.

Eftir eldri lagaframkvæmd, þ.e. fyrir setningu nýju váttryggingarsamningslaganna nr. 30/2004, gat tjónþoli ekki krafist váttryggingafélag um bætur úr váttryggingu, ef sá skaðabótaskyldi var gjaldþrota og ekki hafði náðst að lýsa kröfu í búíð. Við þessu hefur verið séð að hluta til með setningu 1. mgr. 44. gr. vsl. Hún hljóðar svo: „Ef váttrygging tekur til tjóns váttryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu.“ Líkur á því að tjónþoli sæki bætur til starfsmannsins sjálfs hafa því minnkað með tilkomu þessa lagaákvæðis.

Sem dæmi um tilvik þar sem tjónþoli beindi kröfu sinni beint að starfsmanni, má nefna U 2002.1306 V þar sem A, sem var forstöðumaður diskóteks, hafði sýnt af sér refsiverða háttsemi er hann ýtti G, gesti á staðnum, niður stiga svo að hann slasaðist nokkuð. Niðurstaða dómsins var sú að samkvæmt meginreglunni ætti vinnuveitandi A að bera tjónið, þ.e. B og C. Hér hafði A hins vegar sýnt af sér refsiverða háttsemi og var hann því látinn bera 2/3 hluta tjónsins en B og C 1/3.

Einnig nefna dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 23. apríl 2010 nr. E – 3614/2009, sem nefndur hefur verið hér áður. Þar beindi tjónþoli kröfu sinni að bæði starfsmanni og vinnuveitanda. Dómurinn taldi 2. mgr. 23. gr. skbl. ekki eiga við. Líklega sökum þess að dómurinn telur að reglan um ábyrgð vinnuveitanda nái ekki yfir viðkomandi háttsemi starfsmannsins. Aftur á móti hafði vinnuveitandinn teft fram þeirri málsástæðu að hann bæri ábyrgð á gerðum starfsmannsins. Dómurinn taldi sig bundinn af þeirri málsástæðu og var vinnuveitandanum og starfsmanninum gert að greiða bætur til tjónþolans óskipt.

Við þær aðstæður sem 2. mgr. 23. gr. skbl. fjallar um, getur það meðal annars ráðist af fjárhagsstöðu vinnuveitanda hvort tjónþoli beinir kröfu sinni að

starfsmanninum eða vinnuveitandanum. Við setningu dönsku skaðabótaganna árið 1984 kom upp umræða um það hvort þetta væri sanngjarnt gagnvart starfsmönnum almennt, þ.e. að þeir bæru áhættuna af því að vinnuveitandinn yrði ógjaldfær. Í greinargerð með frumvarpinu kom fram sá skilningur danska dómsmálaráðuneytisins að það gætu bæði komið upp tilvik þar sem sanngjarnt væri að tjónþoli bæri ábyrgð á tjóni við þessar aðstæður og tilvik þar sem sanngjarnt væri að starfsmaður bæri ábyrgð.<sup>62</sup> Var því sett inn ákvæði sem einnig er í 2. mál. 2. mgr. 23. gr. íslensku skaðabótaganna. Ákvæðið hljóðar svo í íslensku lögunum: „Bætur, sem starfsmaður hefur greitt, getur hann krafist úr hendi vinnuveitanda að því marki sem bótaábyrgð hvílir endanlega á vinnuveitanda eftir 1. mgr.“ Samkvæmt þessari grein getur starfsmaður endurkrafist vinnuveitanda sinn að svo miklu leyti sem vinnuveitandinn hefði borið ábyrgð á, hefði tjónþolinn beint kröfunni upphaflega að vinnuveitandanum. Það á því að lokum ekki að skipta máli fyrir starfsmanninn hvort hann er krafinn um bætur eða vinnuveitandinn. Við endurkröfu sem þessa ber vinnuveitandi sönnunarbyrðina fyrir því að starfsmaðurinn skuli bera alla eða hluta af ábyrgðinni. Ef hins vegar vinnuveitandinn er ógjaldfær, þá fær starfsmaðurinn ekki endurkröfu sína greidda og hefur þar með greitt hærrí upphæð en hefði tjónþoli krafist vinnuveitandann upphaflega.<sup>63</sup>

#### 1.4.4. Ábyrgð starfsmanns gagnvart vinnuveitanda

Valdi starfsmaður tjóni á hagsmunum vinnuveitanda síns kemur 3. mgr. 23. gr. skbl. til skoðunar. Í greininni segir: „Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um kröfu vinnuveitanda á hendur starfsmanni vegna tjóns sem starfsmaðurinn veldur vinnuveitanda í starfi sínu.“ Það sama á við um þessa grein og 1. mgr. 23. gr. skbl. varðandi þau atriði sem ber að líta til við sanngirnismatið og vísast til þeirrar umfjöllunar hér að ofan um þau atriði.

Ákvæðið getur til að mynda átt við um tjón er verður þegar starfsmaður skemmir tæki, vöru eða annað er vinnuveitandi á.<sup>64</sup> Hér má nefna tvo dóma þar sem starfsmenn voru taldir hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og voru

<sup>62</sup> Forslag til Lov om erstatningsansvar. Sjá Dansk Karnov, Erstatningsansvarloven, forarbejder.

<sup>63</sup> Møller, Jens og Wiisbye, Michael S. *Erstatningsansvarsloven*, 6. útgáfa, bls. 477 – 478.

<sup>64</sup> Erstatningsansvarloven nr. 228 1984, neðanmálgrein 118.



dæmdir skaðabótaskyldir gagnvart vinnuveitanda sínum. Málsatvik voru þau í FED 2003.2131 Ø að A sem vann sem bílasali hjá B hafði ekki tryggt að B fengi greiðslu fyrir tvo bíla sem A seldi, áður en hann afhenti bílana. B gerði skaðabótakröfu á hendur A. A bar meðal annars fyrir sig 3. mgr. 23. gr. skbl. Niðurstaða Landsréttar var að A hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og hefði einnig óhlýðnast leiðbeiningum um það að afhenda ekki bílana nema greiðsla væri tryggð. Rétturinn taldi því ekki grundvöll til þess að takmarka ábyrgð A og dæmdi hann til þess að greiða B tjónið. Í U 2008.254 Ø hafði aðstoðarmaðurinn A í húsgagna- og teppadeild í stórverslun eyðilaggt tvo nýja sófa, þrátt fyrir að hafa vitað að þeir væru ekki gallaðir. B vinnuveitandi A gerði skaðabótakröfu á hendur A. Landsréttur taldi að A hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og brugðist trausti B með háttalagi sínu. Var A dæmdur til þess að greiða B bætur skv. 3. mgr. 23. gr. skbl., sbr. 1. mgr. Einnig má nefna FED 1996.1340 V, þar sem B starfsmaður hjá A ók undir áhrifum áfengis í vinnu sinni og olli við það tjóni á annarri bifreið í eigu A. Dómurinn taldi brotið það alvarlegt að víkja yrði frá meginreglunni um ábyrgð vinnuveitanda. Var því starfsmaðurinn látinn bera ábyrgð á tjóni vinnuveitandans. Hér var um refsiverða háttsemi að ræða og var því sakarþátturinn afgerandi í sanngirnismatinu.

Í H. 2004.2448 fjallaði Hæstiréttur Íslands um ábyrgð starfsmanns gagnvart vinnuveitanda sínum. Lífeyrissjóðurinn L gerði skaðabótakröfu á hendur G, fyrrverandi framkvæmdastjóra við sjóðinn til tólf ára. Krafan var byggð á því að G, fyrir hönd sjóðsins, hefði veitt lán til fyrirtækisins B án þess að leggja það fyrst fyrir stjórn L. Lánveitingin hefði verið það óvenjuleg að það hefði verið nauðsynlegt. B var tekið til gjaldprotaskipta og var ljóst að ekkert myndi fást upp í kröfu L. Hæstiréttur taldi að þegar málsatvikin væru virt í heild, þá yrði að meta það G til gáleysis að hafa veitt lánið án þess að hafa áður borið það undir stjórn L. Hins vegar var það niðurstaða Hæstaréttar að samkvæmt 23. gr. skbl. yrði G ekki gerður ábyrgur fyrir tjóni áfrýjanda. Staðfesti Hæstiréttur þar með dóm héraðsdóms. Í þessum dómi beitir Hæstiréttur í fyrsta skipti 23. gr. skbl., nánar tiltekið 3. mgr. Í dómnum fjallar Hæstiréttur ekkert um sanngirnismatið sem þurft hefur að fara fram, en tekur þó fram að um gáleysi sé að ræða og á þá að öllum líkindum við einfalt gáleysi. Eins og áður segir er það einungis í undantekningartilfellum sem

einfalt gáleysi nægir til þess að starfsmaður verði gerður ábyrgur. Hefði viðkomandi hins vegar verið sakfelldur fyrir refsiverða háttsemi, áður en farið var í umrætt skaðabótamál, þá aukast líkurnar verulega á því að hann hefði verið dæmdur ábyrgur fyrir tjóni Lífeyrissjóðsins,<sup>65</sup> samanber fyrri dóma sem hafa verið reifaðir hér að ofan. Hæstiréttur fjallar ekkert um stöðu starfsmannsins, en ljóst er að starfsmaðurinn var innsti koppur í búri hjá Lífeyrissjóðnum og hafði verið það í 12 ár.

Ákvæði 3. mgr. 23. gr. skbl. getur einnig átt við vanefni starfsmaður vinnusamning, til dæmis mætir ekki til vinnu. Ákvæðið kveður þó á um vægari bótareglu en almennar bótareglur.<sup>66</sup>

Það tíðkast stundum að ákvæði um ábyrgð á tjóni sem starfsmaður veldur á hagsmunum vinnuveitanda séu sett í samninga. Ákvæði 3. mgr. 23. gr. skbl. kemur í veg fyrir, sbr. 2. mgr. 27. gr. skbl., að víkka megi þá ábyrgð út, starfsmanni í óhag. Slík ákvæði eru því ógild umfram það sem er sanngjarnt þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti, sbr. 3. mgr., sbr. 1. mgr. 23. gr. skbl.<sup>67</sup> Sem dæmi má nefna FED 1997.1483. Þar hafði yfirmaður í hernum misst búning sinn og annan útbúnað í bruna í herbúðum. Gerð var skaðabótakrafa á hendur honum. Rétturinn samsinnti með Áfrýjunarnefnd tryggingamála um að yfirmaðurinn gæti ekki verið skaðabótaskyldur samkvæmt 3. mgr. 23. gr. skbl., sbr. 2. mgr. 27. gr. skbl. Þessi dómur sýnir líka að sé viðkomandi starfsmaður ekki skaðabótaskyldur, þá verður ekki gerð krafa á hendur vátryggingarfélagi hans.<sup>68</sup>

### **1.5. Lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.**

Þann 7. október 2008 tóku gildi lög frá Alþingi sem kölluð hafa verið neyðarlög. Þau lög voru sett þegar ljóst var orðið að staða íslensku bankanna væri mjög slæm og að íslenska ríkið þyrfti að grípa inn í rekstur þeirra. Með þeim lögum var Fjármálaeftirlitinu meðal annars veitt heimild til þess að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja með víðtækum hætti vegna sérstakra

<sup>65</sup> Sjá umfjöllun Guðmundar Sigurðssonar um þennan dóm: Guðmundur Sigurðsson, „Bótaábyrgð starfsmanns gagnvart vinnuveitanda sínum.“

<sup>66</sup> *Alþingistíðindi*, A-deild, 1992 – 1993, bls. 3665.

<sup>67</sup> Erstatningsansvarloven nr. 228 1984, neðanmálgrein 118.

<sup>68</sup> Møller, Jens og Wiisbye, Michael S. *Erstatningsansvarsloven*, 6. útgáfa, bls. 480.

aðstæðna eða atvika á fjármáلامarkaði. Með 5. gr. laganna var 100. gr. a bætt við lög um fjármálafyrirtæki.<sup>69</sup> Þar voru Fjármálaeftirlitinu veittar ýmsar heimildir. Í 2. mgr. var því heimilað að boða til hlutahafafundar í fjármálafyrirtæki án tillits til ákvæða hlutafélagalaga og samþykka viðkomandi félags. Í 3. mgr. var því veitt vald til þess að taka tímabundið yfir vald hlutahafafundar, eða stofnfjáreigendafundar í fjármálafyrirtækjum, í því skyni meðal annars að víkja stjórn fyrirtækisins frá, taka yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis eða ráðstafa fyrirtækinu í heild eða að hluta. Í 4. mgr. var því veitt heimild til þess að skipa skilanevnd sem færi með allar heimildir stjórnar samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga.<sup>70</sup> Í 5. mgr. var Fjármálaeftirlitinu lagt til vald til þess að takmarka eða banna ráðstöfun fjármálafyrirtækis á fjármunum sínum, sem og leggja bann við því að fjármálafyrirtæki yki við skuldbindingar sínar.<sup>71</sup> Af þessu sést að Fjármálaeftirlitið fékk í hendur mjög ríkar heimildir til þess að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja. Var þetta talið nauðsynlegt til þess að tryggja fjármálastöðugleika.

Í framhaldi af þessum málsgreinum var svohljóðandi ákvæði í 8. mgr. 5. gr.: „Forstjóri, starfsmenn og stjórnarmenn Fjármálaeftirlitsins eru ekki skaðabótaskyldir vegna ákvarðana og framkvæmdar samkvæmt þessari grein.“<sup>72</sup> Í þessari málsgrein er býsna stórt stökk tekið, enda gerir greinin alla starfsmenn Fjármálaeftirlitsins ábyrgðarlausar af öllu því tjóni sem þeir kunna að valda í störfum sínum samkvæmt 100. gr. a. Greinin tiltekur ekkert ákveðið sakarstig sem háttsemin þarf að uppfylla og verður því ekki annað séð en að greinin hafi gert starfsmenn ábyrgðarlausar, þó svo að þeir myndu valda tjóni með ásetningi.

Í athugasemdum með 5. gr. sagði svo:

Enn fremur er lagt til að starfsmenn og stjórnarmenn Fjármálaeftirlitsins verði undanþegnir skaðabótaábyrgð vegna mögulegra afleiðinga ákvarðanatöku á grundvelli 100. gr. a. Tryggja verður að starfsfólk og stjórnarmenn stofnunarinnar veigri sér ekki við að grípa til aðgerða sem nauðsynlegar teljast, en ágreiningur kann að verða um vegna skerts hags eða réttinda, svo sem hluthafa eða stofnfjáreigenda. Fjármálaeftirlitið sem stofnun kann hins vegar að baka sér skaðabótaábyrgð líkt og nú er.<sup>73</sup>

<sup>69</sup> Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

<sup>70</sup> Lög nr. 2/1995 um hlutafélög.

<sup>71</sup> *Alþingistíðindi*, A-deild, 2008 – 2009, bls. 692 – 693.

<sup>72</sup> Sama heimild, bls. 693.

<sup>73</sup> Sama heimild, bls. 699.

Af þessum athugasemdum má sjá hver tilgangurinn með setningu 8. mgr. hefur verið. Hagsmunirnir hafa að líkindum verið metnir sem svo að mikilvægara væri að starfsmenn Fjármálaeftirlitsins gætu gengið fúmlaust til verks við endurreisn fjármálafyrirtækja, án bakþanka um hugsanlega skaðabótaskyldu, heldur en að Fjármálaeftirlitið sætti skaðabótaábyrgð vegna verka starfsmannanna. Enda var tekið fram í lokamálslið athugasemdanna að Fjármálaeftirlitið gæti bakað sér skaðabótaskyldu vegna hugsanlegs tjóns sem starfsmenn þess yllu.<sup>74</sup>

Lögum þessum var breytt með lögum nr. 44/2009, sem samþykkt voru á Alþingi þann 15. apríl 2009. Féll þá úr gildi 5. gr. a laganna í þeirri mynd sem hún var og með henni ákvæði 8. mgr. um ábyrgðarleysi starfsmanna Fjármálaeftirlitsins.

## **2. Sérreglur um ábyrgð starfsmanna**

Eins og áður segir, þá er í skaðabótalögum að finna almenn ákvæði um skaðabótaábyrgð starfsmanna. Í öðrum lögum er hins vegar að finna sérreglur um skaðabótaábyrgð starfsmanna sem eftir almennum lögskýringarreglum ganga framar almennu reglunum í skaðabótalögum. Þessi lög eru hlutafélagalög, einkahlutafélagalög og lög um sameignarfélög.<sup>75</sup>

### **2.1. Hlutafélög**

Í 134. gr. hlutafélagalaga (hér eftir hl.) er kveðið á um skaðabótaábyrgð ákveðinna starfsmanna. Ákvæði 1. mgr. ákvæðisins hljóðar svo:

Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur og skoðunarmenn hlutafélags, svo og matsmenn og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta félagi það tjón, er þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags.

Reglan tiltekur einungis ákveðna einstaklinga sem bera ábyrgð eftir þessum ákvæðum. Af ákvæðunum má sjá að sú ábyrgð er víðtækari heldur en eftir hinum almennu reglum skaðabótalaga. Þetta ákvæði gerir ekki kröfu um stórkostlegt gáleysi eins og 3. mgr. 19. gr. skbl. gerir og telja verður að 23. gr. skbl. geri í flestum tilvikum, samanber fyrri umfjöllun. Ákvæðið tiltekur hins vegar einungis ákveðna einstaklinga sem bera þessa ábyrgð.

<sup>74</sup> Sama heimild, bls. 699.

<sup>75</sup> Lög nr. 50/2007 um sameignarfélög.

Ábyrgð þessara aðila er skipt í tvennt. Annars vegar ábyrgð gagnvart félaginu sjálfu í 1. ml. 1. mgr. og hins vegar ábyrgð gagnvart hluthöfum eða öðrum í 2. ml. 1. mgr.

Þó að samkvæmt 1. ml. sé ekki skilyrði fyrir beitingu reglunnar að brotið sé gegn hlutafélagalögum eða samþykktum félagsins, þá verður að telja að skyldur þær sem þar er kveðið á um séu til mikillar leiðbeiningar um það hvort viðkomandi aðilar hafi hagað sér með saknæmum hætti. Sé til að mynda um refsiverða háttsemi að ræða, þá aukast líkur á skaðabótaskyldu til muna. Einnig ber að líta til annarra reglna sem eiga við um viðkomandi aðila, svo sem laga nr. 79/2008 um endurskoðendur og góðra endurskoðunarvenja þegar það á við o.s.frv. Sinni viðkomandi hins vegar öllum þeim skyldum sem á hann eru lagðar, þá verður bótaábyrgð ekki lögð á hann.<sup>76</sup>

Hvað varðar skaðabótaskyldu þeirra aðila sem taldir eru upp í 1. mgr. 134. gr. hl. gagnvart hluthöfum og öðrum, kveður 2. ml. á um það að þeir verði gerðir ábyrgir gagnvart þeim þegar þeir brjóta á ákvæðum hlutafélagalaga eða samþykktum félags. Brot á öðrum lögum leiðir því ekki til bótaskyldu vegna tjóns sem valdið hefur verið, samkvæmt þessari tilteknu grein. Hins vegar verður bótaskylda lögð á samkvæmt hinni almennu sakarreglu þegar sérreglunni í 134. gr. hl. sleppir.<sup>77</sup> Sé aðilinn talinn vera starfsmaður félagsins, þá kemur 3. mgr. 19. gr. og 23. gr. skbl. inn í það mat.

Sem dæmi um tilvik þar sem stjórnarmenn hafa verið dæmdir skaðabótaskyldir skv. 134. gr. hl. má nefna H. 1999.4453. Þar hafði aflahlutdeild bátsins Ásbergs KE-111, sem var í eigu félagsins Hafalds hf., verið framseld án þess að fyrir lægi samþykki 1. veðréttarhafa í bátnum, eins og skylt var samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða. Lánveitandinn Féfang hf. hlaut af þessu tjón. Bú lántakandans Hafalds hf. var tekið til gjaldþrotaskipta og báturinn seldur á nauðungarsölu. Aðeins hluti kröfunnar fékkst greiddur. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að stjórnarmenn í Hafaldi hf. hefðu brugðist skyldum sínum sem stjórnarmenn samkvæmt 52. gr. þágildandi hl. (sbr. 68. gr. núverandi hl.) en í samræmi við hana væri gerð sú krafa til þeirra að þau hefðu vitneskju um rekstur félagsins og mikils háttar

<sup>76</sup> Árni Harðarson, „Skaðabótaábyrgð stjórnenda hlutafélaga.“ *Úlfjótur* 1994 (3), bls. 282.

<sup>77</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*. Reykjavík 2003, bls. 419.

ráðstafanir. Þeim stoðaði því ekki að bera fyrir sig ókunnugleika í þeim efnum né heldur á þeirri löggjöf sem á hverjum tíma gildi. Yrðu ekki síðri kröfur gerðar til þeirra um þetta, þó að félagið hafi að öllu leyti verið í eigu fjölskyldunnar. Voru þau dæmd persónulega ábyrg fyrir því sem upp á vantaði af kröfu Féfangs hf. með vísan til 1. mgr. 132. gr. þágildandi hl., sbr. 1. mgr. 134. gr. núverandi hl.

Einnig má nefna H. 1997.2012, en þar voru stjórnarmenn dæmdir til þess að greiða þriðja aðila bætur, vegna tjóns sem hann hafði orðið fyrir þar sem þeir höfðu brugðist skyldu sinni, skv. 2. mgr. 64. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, til þess að gefa bú hlutafélagsins upp til gjaldþrotaskipta.

Samkvæmt 3. mgr. 134. gr. hl. má færa bótafjárhæð niður skv. 1. mgr. með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið og með tilliti til efnahags tjónvalds og annarra atvika. Þeirra sjónarmiða sem gætir í þessari lækkunarreglu svipar til þeirra sem gæta skal þegar sanngirnismat skv. 23. gr. skbl. fer fram.

### **3.2. Einkahlutafélög**

Ákvæði 108. gr. einkahlutafélagalaga (hér eftir ehl.) er samhljóða 134. gr. hl. að breyttu breytanda. Gerist því ekki þörf á því að fjalla sérstaklega um þau hér og vísast til umfjöllunar um hlutafélög.

### **2.3. Sameignarfélög**

Lög um sameignarfélög nr. 50/2007 kveða einnig á um skaðabótaábyrgð ákveðinna aðila. 1. og 2. mgr. 44. gr. laganna hljóða svo:

Félagsmaður, stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða skilanefndarmaður er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hann veldur félaginu, einstökum félagsmönnum eða öðrum í störfum sínum hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar félagsmaður eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða félagssamningi.

Bótafjárhæð á grundvelli skaðabótaábyrgðar skv. 1. mgr. má lækka með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

Regla þessi er með svipuðum hætti og reglur hluta- og einkahlutafélagalaga. Ekki er þó um alveg sömu aðila að ræða sem geta orðið ábyrgir.

### 3. Starfsmenn á íslenskum atvinnumarkaði

Býsna stórt hlutfall starfsmanna hér á landi starfa hjá hluta-, einkahluta- og sameignarfélögum. Það er þó aðeins lítil hluti þeirra sem ber ábyrgð eftir þeim sérreglum sem nefndar voru hér áðan, en eins og þær reglur kveða á um, eru það einungis ákveðnir einstaklingar. Aðrir starfsmenn, hvaða nafni sem þeir nefnast, hvort sem þeir vinna í opinbera geiranum, fjármálageiranum, eða hvaða geira sem er, hvort sem þeir eru háttsettir eða lágtsettir o.s.frv., bera ábyrgð eftir almennu sakarreglunni og 3. mgr. 19. gr. og 23. gr. skaðabótalaga. Miklu máli skiptir að hafa þetta hugfast, sérstaklega í þeirri atburðarás sem hófst eftir efnahagshrunið í október 2008 og stendur enn þar sem hver bendir á annars sök.

Fjármálageirinn<sup>78</sup> er í dag meðal annars samansettur af fjármálafyrirtækjum sem mörg hver eru í hlutafélagiformi, eignarhaldsfélögum sem einnig eru mörg hver í því formi sem og einkahlutafélagsformi, váttryggingafélögum sem einnig eru í hlutafélagiformi og lífeyrissjóðum sem starfa eftir lögum nr. 129/1997 og kauphöllinni sem starfar í hlutafélagiformi og starfar eftir lögum nr. 110/2007. Með fjármálageiranum fylgjast svo opinberir eftirlitsaðilar, svo sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn. Í þessu samhengi má nefna að til að mynda er forstjóri Fjármálaeftirlitsins varinn af reglu 3. mgr. 19. gr. og 23. gr. skaðabótalaganna, sem og allir starfsmenn Fjármálaeftirlitsins. Það sama má segja um seðlabankastjóra og alla starfsmenn Seðlabankans, langflesta bankastarfsmenn, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, o.s.frv. Um þá gildir meginreglan, um það að starfsmenn beri almennt ekki ábyrgð á tjóni sem þeir valda í störfum sínum, rétt eins og um aðra starfsmenn. Þeir sem hins vegar falla undir sérreglurnar bera víðtækari ábyrgð en aðrir starfsmenn, þ.e. gáleysi nægir til þess að þeir verði gerðir skaðabótaskyldir vegna tjóns sem þeir valda í starfi.

Það er ljóst að mörg skaðabótaréttarleg álitaefni hafa litið dagsins ljós eftir efnahagshrunið og sérstaklega eftir birtingu skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, þann 12. apríl 2010. Ástæða er því til að ætla að mörg skaðabótamál verði höfðuð á hendur einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum á næstu

---

<sup>78</sup> Með fjármálageira er hér átt við atvinnugreinar 64, 65 og 66 samkvæmt atvinnugreinaflokkun ÍSAT 2008 sem Hagstofa Íslands tekur mið af. ÍSAT 2008, Hagstofa Íslands. Aðgengilegt á: [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

missurum. Verði þessi mál höfðuð á hendur einstaklingum sem falla undir hinar almennu reglur skaðabótalaga, vegna tjóns sem þeir ollu í starfi, verður að hafa í huga meginregluna sem áður var nefnd um bótaábyrgð starfsmanna. Eins og áður segir dugir einfalt gáleysi almennt ekki til þess að fella bótaábyrgð á starfsmann. Aftur á móti verður bótaábyrgð mun líklegri sé um refsiverða háttsemi starfsmanns að ræða. Því verður að teljast líklegt að tjónþolar muni í mörgum tilfellum fyrst kæra mál sín til lögreglu áður en farið verður í skaðabótamál á hendur meintum tjónvaldi.

Í viðkomandi skaðabótamálum verður tjónþoli að sjálfsögðu í fyrsta lagi að sanna að tjón hafi orðið, í öðru lagi verður hann að öllum líkindum að sanna að starfsmaðurinn hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning. Í þriðja lagi verður að sanna að orsakatengsl séu á milli þess tjóns sem varð og hinnar saknæmu háttsemi og loks í fjórða lagi að um sennilega afleiðingu háttseminnar sé að ræða. Þessi sönnun getur orðið nokkuð erfið. Einnig má nefna að það gæti orðið nokkuð erfitt, til að mynda fyrir íslenska ríkið, að fá einstaklinga dæmda skaðabótaskylda, lægi fyrir eigin sök af hálfu ríkisins, eins og skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis gefur greinilega til kynna í sumum tilfellum. Ástæða er þá til að ætla að íslenska ríkið myndi að minnsta kosti bera hluta ábyrgðarinnar.

## Niðurstöður

Samkvæmt skaðabótalögum er meginreglan sú að starfsmaður ber ekki ábyrgð á því tjóni sem hann veldur í starfi. Þessa meginreglu má sjá af 3. mgr. 19. gr. og 23. gr. skbl. Í íslenskum lögum eru hins vegar fyrir hendi sérreglur um ábyrgð starfsmanna sem leggja víðtækari ábyrgð á herðar starfsmanna. Þær sérreglur er að finna í hluta- og einkahlutafélagalögum, sem og í lögum um sameignarfélög. Sérreglur þessar gilda þó aðeins um ákveðna starfsmenn og um ákveðin félagaforn. Eigi þessar tilteknu sérreglur ekki við, þá gilda hinar almennu reglur skaðabótalaga um ábyrgð starfsmanna.

Reglan um ábyrgð vinnuveitanda tengist með beinum hætti almennu reglunum í skaðabótalögum um ábyrgð starfsmanna, þ.e. 3. mgr. 19. gr. og 23. gr. skbl. Þetta má sjá af því að skaðabótalögin gera ráð fyrir tilveru reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Einnig má sjá það af því að í greinargerð með frumvarpinu að skaðabótalögum segir að hugtakið starfsmaður í



skilningi laganna skuli túlkað jafn vítt og gert sé í reglunni um ábyrgð vinnuveitanda.

Af þessu er ljóst að almennu reglurnar um ábyrgð starfsmanna gilda ekki um starfsmann nema hann sé starfsmaður í skilningi reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Gildi reglan um ábyrgð vinnuveitanda ekki um viðkomandi, þá er hann persónulega ábyrgur fyrir því tjóni sem hann veldur. Reglan um ábyrgð vinnuveitanda skiptir því miklu máli við beitingu hinna almennu reglna um ábyrgð starfsmanna í skaðabótalögum og nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því hvenær hún á við og hvenær ekki, til þess að geta beitt þessum reglum.

Ákvæði 3. mgr. 19. gr. skbl. kveður á um það að ábyrgð starfsmanns falli niður, valdi hann tjóni á hagsmunum sem tryggðir eru með munatryggingu, rekstrarstöðvunartryggingu eða ábyrgðartryggingu. Ábyrgðin fellur þó ekki niður verði tjónið rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis. Sé tjóninu valdið af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi, þá ber að meta atvikið skv. 23. gr. skbl. Sanngirnismat 23. gr. skbl. getur þannig leitt til þess að starfsmaðurinn verði gerður ábyrgur. Við sanngirnismatið ber að líta til sakar starfsmannsins, stöðu hans og atvika að öðru leyti, sem og hagsmuna tjónþola í tilviki 2. mgr. 23. gr. skbl. Þar sem 3. mgr. 19. gr. skbl. gerir ráð fyrir því að ábyrgð starfsmanns falli niður, sé tjón rakið til einfalds gáleysis, þá verður að telja að stórkostlegt gáleysi eða ásetningur þurfi til að koma svo að starfsmaður verði gerður ábyrgur.

## Heimildaskrá

- Alþingistíðindi*, A-deild, 1992 – 1993.  
*Alþingistíðindi*, A-deild, 2003 – 2004.  
*Alþingistíðindi*, A-deild, 2008 – 2009.
- Arnþjótur Björnsson, *Skatabótaréttur kennslubók fyrir byrjendur*. Reykjavík 1988.
- Arnþjótur Björnsson, *Skaðabótaréttur kennslubók fyrir byrjendur*, 2. útgáfa. Reykjavík 1999.
- Arnþjótur Björnsson, „Tengsl vinnuveitanda og starfsmanns sem skilyrði vinnuveitandaábyrgðar“. *Úlfljótur* 1979 (2).
- Arnþjótur Björnsson, *Ökutæki og tjónbætur*. Reykjavík 2003.
- Árni Harðarson, „Skaðabótaábyrgð stjórnenda hlutafélaga“. *Úlfljótur* 1994 (3).
- von Eyben, Bo og Isager, Helle. *Lærebog i erstatningsret*, 6. útgáfa. Kaupmannahöfn 2007.
- Erstatningsansvarloven nr. 228 1984, neðanmálgreinar.  
Forslag til Lov om erstatningsansvar. Sjá Dansk Karnov, Erstatningsansvarloven, forarbejder.
- Gomard, Bernhard og Wad, Ditlev. *Erstatning og godtgørelse efter erstatningsansvarsloven og voldsofferloven*. Kaupmannahöfn 1986.
- Guðmundur Sigurðsson, „Bótaábyrgð starfsmanns gagnvart vinnuveitanda sínum“. *Lögmannablaðið* 2004 (3).
- Guðmundur Sigurðsson, „Vinnuslys, slysatrygging sjómanna“. *Tímarit Lögréttu* 2004 (1).
- ÍSAT 2008, Hagstofa Íslands. Aðgengilegt á: [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)
- Lødrup, Peter. *Lærebok i erstatningsrett*, 4. útgáfa. Ósló 1999.
- Møller, Jens og Wiisbye, Michael S. *Erstatningsansvarsloven*, 6. útgáfa. Danmörk 2002.
- Sjóvá-Almennar tryggingar hf., „Vátryggingaskilmálar, Rekstrarstöðvunartrygging A fyrir stór og meðalstór fyrirtæki“, 1. desember 2006. Aðgengilegt á: [www.sjova.is](http://www.sjova.is)
- Samtök fjármálafyrirtækja „Flokkun vátrygginga. Munatryggingar“ Aðgengilegt á: [www.sff.is](http://www.sff.is)
- Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*. Reykjavík 2003.
- Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur*. Reykjavík 2005.
- Viðar Már Matthíasson, „Stórkostlegt gáleysi í skaðabótarétti og vátryggingarétti“. *Afmælisrit Jónatan Þórmundsson sjötugur 19. desember 2007*. Reykjavík 2007.
- Vinding Kruse, A., *Erstatningsretten*, 5. útgáfa. Kaupmannahöfn 1989.

## Dómaskrá

### Íslenskir dómar

H. 1962.74 .....	6
H. 1985.1137 .....	10
H. 1988.157 .....	9
H. 1996.205 .....	6
H. 1997.2012 .....	26
H. 1998.2346 .....	5
H. 1999.4453 .....	25
H. 2000.2835 .....	7
H. 2003.2198 .....	3
H. 2004.2448 .....	21

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur frá 23. apríl 2010 í máli nr. E – 3614/2009.....	8,19
--	------

### Danskir dómar

U 1952.648 Ø.....	6
U 1958.628 Ø.....	5
U 1994.215 Ø.....	7
U 1996.156 V.....	17
U 1998.1413 V.....	12
U 2002.1306 V.....	16, 19
U 2006.356 V.....	16
U 2008.254 Ø.....	21
FED 1995.676 Ø.....	5
FED 1996.1340 V.....	16, 21
FED 1997.1483.....	22
FED 2003.2131 Ø.....	21

## Lagaskrá

### Íslensk lög

- Lög nr. 19/1940. Almenn hegningarlög, frá 12. febrúar 1940.  
Lög nr. 34/1964 um loftferðir, frá 21. maí 1964.  
Lög nr. 56/1972 um lögreglumenn, frá 29. maí 1972.  
Lög nr. 34/1985. Siglingalög, frá 19. júní 1985.  
Lög nr. 35/1985. Sjómannalög, frá 19. júní 1985.  
Lög nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, frá 15. maí 1990.  
Lög nr. 50/1993. Skaðabótalög, frá 19. maí 1993.  
Lög nr. 138/1994 um einkahlutafélög, frá 28. desember 1994.  
Lög nr. 2/1995 um hlutafélög, frá 30. janúar 1995.  
Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frá 23. desember 1997.  
Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, frá 20. desember 2002.  
Lög nr. 50/2007 um sameignarfélög, frá 27. mars 2007.  
Lög nr. 110/2007 um kauphallir, frá 26. júní 2007.  
Lög nr. 79/2008 um endurskoðendur, frá 12. júní 2008.  
Lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., frá 7. október 2008.  
Lög nr. 44/2009 um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum, frá 20. apríl 2009.

### Dönsk lög

Erstatningsansvarloven nr. 228 1984.

### Norsk lög

Lov om skadeserstatning nr. 26 1969.